Nr. 44.
13.
nóvbr.

# Lög

um

## breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sje eða fastir á grynningum, eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávallt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spillt.

2. gr.

1. gr. laga 19. febr. 1886 um friðun hvala, svo og lög um breyting á lögum þessum 15. jan. 1892 eru úr gildi felld.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. nóvember 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***
(L. S.)

---

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Forandring af § 1 i Lov 19de Februar 1886 om Fredning af Hvaler.

**Nr. 44.**
13de
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle Hvaler, med Undtagelse af Tandhvaler og mindre Hvaler, f. Eks. Niser, Tantejer og Marsvin, skulle fredes for al Slags Skyden overalt paa Søterritoriet, saa vel udfor Landet som inde i Bugter og Fjorde, hele Aaret rundt, naar de ikke ere indesluttede i en Isvaage, faste paa Grund eller paa anden Maade forhindrede. Hvaler maa drives paa Land og dræbes, i Fald der hertil benyttes Harpuner eller Stikjærn men ikke Skydevaaben, hvorhos det stadig skal paases, at Sildefiskeriet ikke forstyrres og Fiskeriredskaber ikke beskadiges.

§ 2.

Lov om Fredning af Hvaler af 19de Februar 1886 § 1 og Lov om Forandring i denne Lov af 15de Januar 1892 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de November 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

**Ministeriet for Island, den 13de November 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*